

Alþingi
Erindi nr. P 139/2653
komudagur 23.5. 2011

23.5.2011

Menntamálanefnd

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar hefur þegar sent menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 651. mál ásamt viðbótarathugasemd við 22. gr. frumvarpsins að ósk borgarráðs.

Meðfylgjandi þessum pósti sendist í viðhengi umsögn Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar samþykkt á fundi 13. maí sl. varðandi frumvarp til laga um menningarminjar 651. mál.

F.h. borgarlögmanns,
með kveðju,

Ásthildur Sigurðardóttir,
skrifstofustjóri
Embætti Borgarlögmanns
Ráðhúsi Reykjavíkur
s. 411 4104
asthildur.sigurdardottir@reykjavik.is



Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið · Skipulagsstjóri

Mál nr. R 11040095
Skjalasafn Ráðhúss
20 MAI 2011
Bréfalykill: 175

Reykjavík 16.5.2011

Reykjavíkurborg - lögfræðiskrifstofa
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Ásthildur Sigurðardóttir

Hér með sendist útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsstjóra frá 13. maí 2011 varðandi eftirfarandi mál.

Meningarminjar, frumvarp til laga

Á fundi skipulagsstjóra 6. maí 2011 var lagt fram erindi borgarlögmanns dags. 4. maí 2011 varðandi umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, þingmál nr. 651. Erindinu var vísað til umsagnar hjá yfirlögfræðingi skipulags- og byggingarsviðs og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn dags. 13. maí 2011.

Umsögn skipulags- og byggingarsviðs samþykkt.

Fylgiskjal: umsögn skipulags- og byggingarsviðs dags. 13. maí 2011.

F.h. skipulagsstjóra

Ann María Andreassen



Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið

Skrifstofa borgarlögmanns
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík 13. maí 2011.

Varðar: Umsögn skipulags- og byggingarsviðs um frumvarp til laga um menningarminjar.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsstjórans í Reykjavík þann 6. maí 2011 var lagt fram erindi borgarlögmanns dags. 4. maí 2011 þar sem óskað var eftir umsögn sviðsins um frumvarp til laga um menningarminjar, þingmál nr. 651. Erindinu var vísað til umsagnar hjá yfirlögfræðingi skipulags- og byggingarsviðs.

Samkvæmt erindinu hefur frumvarp til laga um menningarminjar (heildarlög) þingmál nr. 651 verið lagt fram á Alþingi og er nú til umfjöllunar hjá menntamálanefnd. Unnið hefur verið að umsögnum um frumvarpið á vegum menningar- og ferðamálaráðs og er sú vinna að mestu leyti í höndum borgarminjavarðar en í frumvarpinu eru nokkrar greinar þar sem komið er inn á skipulagsmál annars vegar og húsafriðun hins vegar, sem eðlilegt er að skipulags- og byggingarsvið fjalli um.

Óskað var því eftir að skipulagsvið myndi rýna frumvarpið með tilliti til þessara þátta og skili umsögn, a.m.k. um þær greinar frumvarpsins sem að þeim lúta og ástæða þykir til að gera athugasemdir við.

Umsögn:

Í umsögninni er fjallað um ákvæði frumvarpsins er varða skipulag í 10., 16, 22 og 29 til 35 gr. Skipulags- og byggingarsvið fagnar ákvæði 10. greinar þar sem gert er ráð fyrir að fulltrúar samtaka sveitarfélaga og skipulagsyfirvalda á minjasvæðinu geti átt sæti í minjaráði.

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um að samhliða vinnu við aðalskipulag hvers sveitarfélags skuli liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélags. Minjasafn Reykjavíkur mun annast slíka skráningu fyrir Reykjavíkurborg. Jafnframt er kveðið á um að þegar landnýtingaráform samkvæmt aðalskipulagi liggja fyrir er skylt að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fari fram á vettvangi á þeim svæðum sem fyrirhugað er að nýta sem atvinnu- eða íbúðasvæði áður en til svæðis- eða deiliskipulags kemur. Skipulags- og byggingarsvið gerir athugasemdir við þetta ákvæði og óskar eftir því að það verði skýrgreint nánar hvort ákvæðið eigi einungis við um óbyggð svæði sem taka á undir byggð eða hvort skylda sé að ráðast í slíka skráningu á vettvangi þegar landnotkun er breytt í eldri byggð. Jafnframt er bent á að tilvísun til svæðisskipulags í ákvæðinu á augljóslega ekki við og þarfnast leiðréttingar en svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðabróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun eru að jafnaði ekki teknar í svæðisskipulagi.

Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulags- og byggingarlög (sic) skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Við þetta ákvæði er nauðsynlegt að gera athugasemdir og skal fyrst bent á að skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 féllu úr gildi við gildistöku skipulagslaga nr. 123/2010. Í öðru lagi er ekki skýrt við hvaða aðila er átt þegar vísað er til þess sem ber ábyrgð á skipulagsgerð.

Samkvæmt skipulagslögum er það sveitarstjórn sem ber ábyrgð á og annast gerð aðal- og deiliskipulags. Aftur á móti getur landeigandi eða framkvæmdaraðili óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Í ljósi ofangreinds er nauðsynlegt er að skýrgreina það betur hvort það er sveitarfélagið eða landeigandinn sem skal standa straum af kostnaði við skráningu í þessum tilfellum.

Skipulags- og byggingarsvið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir á þessu stigi máls við ákvæði um samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fomieifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi né vegna tilkynningaskyldu skipulagsyfirlalda um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Er talið að aukið samráð og samræmi í skráningum verði málaflokknum til góðs.

Skipulags- og byggingarsvið telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir á þessu stigi við 29-35 grein frumvarpsins að öðru leyti en því að talið er nauðsynlegt að skýra betur skuldbindingargildi lögbundins álits/umsagnar Minjastofnunar sem leita skal ef aðilar hyggjast breyta mannvirki, flytja eða rífa það. Ekki er ljóst af orðalagi ákvæðisins hvort sveitarfélag er bundið af afstöðu Minjastofnunar við afgreiðslu byggingarleyfisumsóknar.

Skipulags- og byggingarsvið áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við frumvarpið í heild sinni á síðari stigum málsins.

Helga Björk Laxdal hdl.
yfirlögfræðingur.